

# Ókindarkvæði / The Ogress

The poem of this folk song tells the story of a child in the valley. The child fell through a hole in the ground. Beneath it an ogress sat waiting . . .

This arrangement for classroom musical instruments (Soprano Recorder(s), Drum, Triangle, Temple Blocks (or Wood Blocks), Alto Metallophone, Alto Xylophones (2), and Timpani) was made in 2004.

## Ókindarkvæði

Þessi útsetning er frá árinu 2004 og var gerð fyrir hljóðfæri sem algengt er að tónlistarskólar og aðrir skólar eigi í förum sínum (sópran blokkflautu(r), trommu, þríhorn, temple blocks eða wood blocks, alt metallophone, alt sílófóna (2), og pákur).

1. Það var barn í dalnum,  
sem datt o'n í gat,  
:,: en þar fyrir neðan  
Ókindin :,: sat.

2. En þar fyrir neðan  
sat Ókindin ljót.  
:,: Náði hún því naumlega  
neðan í þess fót.

3. Náði hún því naumlega  
neðan í barn; hún  
:,: dró það út um dyrnar  
og dustaði við :,: hjarn.

4. Hún dró það út um dyrnar  
og dustaði við fönn;  
:,: ætla ég að úr því hryti  
ælítil :,: tönn.

5. Ætla ég að úr því hryti  
augað blátt.  
Hún :,: kallaði með kæti  
og kvað við svo :,: hátt.

6. Hún kallaði með kæti:  
Kindin mín góð;  
:,: þetta hefur þú fyrir  
þín miklu :,: hljóð.

7. Þetta hefur þú fyrir  
þitt breka stát,  
:,: maklegast væri  
eg minnkaði þinn :,: grát.

8. Maklegast væri  
ég minnkaði þinn þrótt,  
og :,: Ókindin lamdi það  
allt fram á :,: nótt.

9. Og Ókindin lamdi það  
í þeim stað,  
:,: þangað til um síðir,  
þar kom maður :,: að.

10. Þangað til um síðir  
þar kom maður einn.  
:,: Upp tók hann barnið,  
og ekki var hann :,: seinn.

11. Upp tók hann barnið  
og inn í bæinn veik,  
en :,: Ókindin hafði sig  
aftur á :,: kreik.